Fjölbrautaskóli Suðurnesja

# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

**MYNL2FF05**

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | **Íris Jónsdóttir**<br>iris.jonsdottir@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Mánudaga frá kl. 10:25 til 11:05 á kennarastofu | |
| **Námsefni** | Efni frá kennara. | |
| **Áfangalýsing** | **MYNL2FF05:** Þetta er framhaldsáfangi í myndlist sem byggist á því að dýpka þekkingu nemenda á beitingu fjarvíddarteikningar. Fjarvíddarteikning er aðferð sem notuð er þegar þrívítt umhverfi er teiknað á tvívíðan flöt. Nemendur efla þekkingu sína á samsíðafjarvídd og fjarvídd út frá hvarfpunktum með höfuðáherslu á eins, tveggja og þriggja punkta fjarvídd þannig að þeir hafi vald á rýmisteikningu og getu til að teikna þrívíða hluti. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni unnin jafnt og þétt yfir önnina. Vinnubrögð, virkni og listrænt gildi eru lögð til grundvallar námsmati. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin skrifleg próf. Leikni er metin út frá verklagi og færni í útfærslu verkefna. Hæfni er metin út frá sjálfstæði og sköpun í þróun hugmynda.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Tímaverkefni | 50% |
| Skissubók | 40% |
| Virkni | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting uppfylli mætingareglur FS. Ath. breyting á skráningu mætinga verður ekki gerð nema í eina viku frá skráningu. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Efnisgjald; sjá Innu<br>Það sem nemandi þarf að kaupa:<br>Blýantar HB, 2B og 6B<br>Strokleður og yddari<br>Teiknitúss<br>Skissubók<br>Reglustika |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• sögulegum forsendum fjarvíddarteikningar<br>• notkun samsíðafjarvíddar (isometri)<br>• notkun eins punkts fjarvíddar (perspectiv)<br>• notkun tveggja punkta fjarvíddar<br>• notkun þriggja punkta fjarvíddar<br>• notkun tóna í litbrigðum til túlkunar á fjarvídd<br>• notkun línu til túlkunar á fjarvídd<br>• bjögun í fjarvíddarmyndum ef sjónarhornið er of vítt | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• teikna flókin form út frá samsíðafjarvídd<br>• teikna umhverfi út frá eins punkts punkta fjarvídd<br>• teikna umhverfi út frá tveggja punkta fjarvídd<br>• teikna umhverfi út frá þriggja punkta fjarvídd<br>• teikna fjarvíddarmyndir fríhendis<br>• teikna skugga og skuggavarp í fjarvíddarteikningu<br>• nýta sér fjarvíddarteikningu við túlkun flókinna rýmishugmynda |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja verk sín í menningarsögulegt samhengi
- sýna fram á að hann sé fær um að þróa hugmyndir sínar innan marka fjarvíddar á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- ræða opinskátt og gagnrýna myndir samnemenda sinna, eigin myndir og annarra
- hafa gott vald á myndbyggingu í myndum sem eru unnar í raunsærri fjarvídd
- ákveða þær fjarvíddar aðferðir sem best henta viðfangsefninu

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Rannsóknarvinna** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. skil** | 6 klst. | 6 klst. |
| **Alls** | | **108 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>4. - 14. janúar | Kynning á námsefninu. Verkefni, línur, hörkustig. | Skissubók, a.m.k. tvær skissur á viku. |
| **2. vika**<br>15. - 21. janúar | Nemendur teikna inn á ljósmyndir fjarvíddarlínur og ræði ýmsar tegundir fjarvíddar. | |
| **3. vika**<br>22. - 28. janúar | Eins punkta fjarvídd unnin eftir ljósmynd – A3 blað. | |
| **4. vika**<br>29. janúar - 4. febrúar | Frh. á eins punkta fjarvídd | |
| **5. vika**<br>5. - 11. febrúar | Tveggja punkta fjarvídd – A3 blað | |
| **6. vika**<br>12. - 18. febrúar | Tveggja punkta fjarvídd unnin eftir ljósmynd – A3 blað | |
| **7. vika**<br>19. - 25. Febrúar<br>*Þemadagar* | Frh. á tveggja punkta fjarvídd. Stoð | |
| **8. vika**<br>26. febrúar - 3. Mars<br>*Námsmatsdagur* | Þriggja punkta fjarvídd – A3 blað | |
| **9. vika**<br>4. - 10. mars<br>*Miðannarmat* | Frh. á þriggja punkta fjarvídd | |
| **10. vika**<br>11. - 17. mars | Rýmisfjarvídd – A3 blað | |
| **11. vika**<br>18. - 24. mars<br>*Starfshlaup – Páskafrí hefst* | Frh. á rýmisfjarvídd – A3 blað | |
| **12. vika**<br>2. - 7. apríl | Frh. á rýmisfjarvídd – A3 blað | |
| **13. vika**<br>8. - 14. apríl | Ljós og skuggi, fjarvíddc, staðsetning hluta innan rýmis. Skygging frá einum ljósgjafa | |
| **14. vika**<br>15. - 21. apríl | Frh. á ljós og skugga | |
| **15. vika**<br>22. - 28. apríl<br>*Sumardagurinn fyrsti* | Frh. á ljós og skugga. Stoð | |
| **16. vika**<br>29. apríl - 5. maí | Frh. á verkefnavinnu | |
| **17.vika**<br>6.-10.maí | Frágangur og skil á verkefnum og skissubók ekki færri en 32 skissur. | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Íris Jónsdóttir*